

Borgarstjórn
20. nóvember 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að hækka upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu

Fjárhagsaðstoð borgarinnar er veitt þeim sem ekki geta séð sér farboða án aðstoðar og er ekki veitt nema að allar aðrar leiðir hafi verið kannaðar til hlítar. Fjárhagsaðstoð til framfærslu er því síðasta úrræðið sem stendur einstaklingum til boða og er oft hugsuð sem öryggisnet til skemmri tíma en sumir þurfa að lifa á þessari upphæð til lengri tíma. Grunnupphæð fjárhagsaðstoðarinnar nemur allt að 189.875 kr. á mánuði fyrir einstakling og þá á eftir að draga frá skatt af þeirri upphæð. Upphæð fjárhagsaðstoðar er ekki til þess fallin að bæta viðkvæma stöðu þeirra sem framfleyta sér á henni og er langt frá því að vera nóg til að tryggja að einstaklingur og fjölskyldur geti lifað mannsæmandi lífi. Því er lagt til að grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði bundin við upphæð lágmarkslauna fyrir fullt starf, sem verkalýðsfélögin hafa sett við 300.000 kr. á mánuði. Einnig er lagt til að fjárhagsaðstoðin þróist í takt við hækkun lágmarkslauna. Mikilvægt er að litið sé á fjárhagsaðstoð til framfærslu sem rétt einstaklingsins en ekki sem þátt sem stuðli að því að letja fólk til atvinnuþátttöku. Einstaklingar sem eru ófærir um að sjá sér farborða án aðstoðar eiga ekki að þurfa að sætta sig við upphæð sem dugar vart til grunnframfærslu.

Greinargerð

Upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu er allt að 189.875 kr. á mánuði fyrir einstakling og upphæðin er því langt frá því að duga til að lifa mannsæmandi lífi og eykur líkur á að viðkomandi festist í fátæktargildru. Þeir sem þurfa að lifa á fjárhagsaðstoð gera slíkt ekki nema að þörf sé á og sveitarfélögunum ber lagaleg skylda til að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Það eru sjálfsgöð réttindi að upphæð sem einstaklingum er réttur til að lifa út mánuðinn sé til þess fallinn að duga fyrir helstu nauðsynjum en erfitt er að sjá fyrir sér hvernig ætlast sé til þess að einstaklingur lifi sómasamlega á umræddri upphæð. Þó að oft sé vísað til þess að húsnaðisbætur, sérstakur húsnaðisstuðningur og mögulegar barnabætur geti hjálpað til við að lifa af framfærslunni út mánuðinn, þá eru það einnig bætur og stuðningur sem einstaklingar á lágmarkslaunum fá en slíkt dugar samt sem áður oft ekki til að láta enda ná saman.

Enginn velur sér það að vera fátækur og nauðsynlegt er að framkvæmd fjárhagsaðstoðarinnar endurspegli ekki hugmyndir um svokallaða ölmusumenningu sem viðheldur fátækt í stað þess að vinna gegn aðstöðum sem skapa hana. Að ætlast til þess að fólk lifi af skammarlegri lágri upphæð fjárhagsaðstoðarinnar er ekki það sem einstaklingar í þeirri viðkvæmu stöðu þurfa á að halda. Í þessu samhengi er mikilvægt að vinna gegn neikvæðum viðhorfum þess efnis um að fjárhagsaðstoð letji fólk til atvinnuþátttöku og því megi ekki hækka upphæðina um of svo að hún verði ekki talinn fýsilegur kostur fram yfir atvinnuþátttöku. Framkvæmd fjárhagsaðstoðarinnar á að miða að því að mæta þörfum hinna verst settu í samfélaginu okkar og ekki ber að refsa fólki fyrir að vera ófært um að sjá fyrir sér, með lágum upphæðum sem duga vart til framfærslu. Að vera í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér nema með aðstoð er ekki viðkomandi einstaklingi að kenna og því er nauðsynlegt að vinna gegn hugmyndum þess efnis um að hækkun fjárhagsaðstoðar leiði til minni virkni. Þar að auki er fjárhagsaðstoð nú þegar veitt í tengslum við önnur úrræði velferðarráðs svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar. Hér er þó mikilvægt að leggja áherslu á að hvatning er ekki endilega það helsta sem fólk þarf

á að halda þegar staða þeirra myndi batna til muna um leið og upphæð fjárhagsaðstoðarinnar
dugar til að lifa mannsæmandi lífi.